

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms fyrir kr. 5000.00 með 9% ársvöxtum frá 18/12 '60 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}\%$  í þóknun, kr. 12.00 í stimpilkostnað og kr. 1500.00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Fyrir gerðarpóla er mætt Svava Gísladóttir, er hér býr, og kveðst hún ekki greiða skuldina.

Síðan lýsti fógæti samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda fjárnámi í eignarhluta gerðarpóla, sem er  $\frac{10}{29}$  hlutar af 15% heildarverðmæti húseignarinnar nr. 15 við Mávahlíð, og skýrði þýðingu þess. Ennfremur brýndi hann fyrir mætttri að skýra gerðarpóla frá fjárnáminu.

Uppl. játað. Gerðinni lokið. Rétti slitið.

V. Tryggvason ftr.

Vottar:

H. Herbertsdóttir

G. Thorarensen.

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 142/1962. **Rósa Einarsdóttir persónulega og f. h. dánarbús Skarphéðins Jósefssonar**

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

**Vélsmiðjunni Héðni h/f og gagnsök**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1962. Krefst hún þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 724.802.79 með 6% ársvöxtum frá vöxtum frá 30. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% árs-

vöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1962. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa þeir Hjörtur Kristjánsson, Ingimar Magnús Björnsson og Gunnar Aðalsteinsson, er um getur í héraðsdómi, komið fyrir dóm, staðfest skýrslur sínar fyrir rannóknarlögreglu og greint nánar frá málsatvikum. Ekki hefur þar komið fram neitt nýtt, er máli skiptir, nema hvað Ingimar Magnús Björnsson hefur borið, að ökumaður bifreiðarinnar, Gunnar Aðalsteinsson, hafi. er Skarphéðinn Jósefsson gaf merki um, að skips-skrúfan væri tekin að hreyfast, stöðvað bifreiðina „hægt um leið og beygt var til hliðar“. Segist vitni þetta „hafa orðið vart við, að pallurinn hafi hallazt til vinstri hliðar, vegna þess að gatan er kúpt“. Gunnar Aðalsteinsson neitaði því hins vegar „að hafa sveigt upp að gangstéttinni, hins vegar kveðst vitnið hafa ekið á vinstra vegarhelmingi, þó svo nærri miðri götunni sem unnt var“.

Fallast má á með héraðsdómara, að hér komi eigi til greina réttarreglur þær, sem taldar eru gilda um fábóta-ábyrgð í hættulegum atvinnurekstri, svo og að um bóta-byrgð vegna slyssins fari eftir 1. mgr., sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958. Með tilliti til þess, að Skarphéðinn var vanur flutningum sem þessum og mátti því sjá, hversu stórlega var ábótavant tryggilegum umbúnaði skipsskrúfunnar á bifreiðinni, þykir eftir atvikum hæfilegt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda tjón hennar að  $\frac{4}{5}$  hlutum. Þykir tjón aðaláfrýjanda hæfilega metið í héraðsdómi, og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða henni  $\frac{4}{5}$  hluta af kr. 346.610.24, þ. e. kr. 277.288.20, ásamt vöxtum, eins

og greinir í héraðsdómi, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 40.000.00.

### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði aðal-  
áfrýjanda, Rósu Einarsdóttur persónulega og f. h. dánar-  
bús Skarphéðins Jósefssonar, kr. 277.288.20 með 6%  
ársvöxtum frá 30. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9%  
ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7%  
ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr.  
40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að  
lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. september 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Rósa Einarsdóttir, Framnesvegi 1, hér í borg, höfðað persónulega og f. h. dánar-  
bús Skarphéðins Jósefssonar með stefnu birtri 25. janúar 1961  
gegn Vélsmiðjunni Héðni, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að  
fjárhæð kr. 586.449.55 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1959  
til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 28. des-  
ember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk  
málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu og málskostn-  
aðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara hefur hann  
krafizt stórfelldrar lækkunar á kröfum stefnanda og að máls-  
kostnaður verði þá látinn niður falla.

Sjóváttryggingafélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttar-  
gæzlu í máli þessu, en stefndi hafði keypt sér ábyrgðartrygg-  
ingu hjá því félagi svo og skyldutryggingu fyrir síðargreinda  
vörubifreið, R 1028, eign stefnda. Engar kröfur eru gerðar á  
hendur réttargæzlustefnda og hann hefur heldur engar kröf-  
ur gert.

Undir rekstri málsins hækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr.  
729.977.79 vegna nýrra tjónsútreikninga, og samþykkti stefndi,  
að sú hækkun kæmist að í málinu án framhaldsstefnu.

Málavextir eru þessir:

Að morgni hins 30. janúar 1959 skyldi flytja togaraskrúfu af geymslusvæði Vélsmiðjunnar Héðins við Vesturgötu, hér í borg, niður í Slippinn við Reykjavíkurhöfn.

Þrem starfsmönnum vélsmiðjunnar var falið að framkvæma verk þetta, þeim Skarphéðni Jósefssyni, vélstjóra og járnsmið, eiginmanni stefnanda, Ingimar M. Björnssyni vélstjóra og Jóni Einarssyni. Framkvæmd verksins var þannig hagað, að skrúfunni, sem var 2100 kg. að þyngd, var lyft með kranabíl, en síðan var vörubifreiðinni R 1028 ekið undir hana og hún látin síga niður á pall bifreiðarinnar, en þar voru fyrir framangreindir þrír menn til að taka á móti henni og hagraða henni á pallinum, sem var úr tré, 3.95 m á lengd og 2.25 m á breidd. Snjófól var á palli bifreiðarinnar, sem var ekki hreinsuð af áður en skrúfan var sett á hann. Ekki var skrúfan bundin á pallinn né skorðuð á annan hátt. Engin skjólborð voru heldur á pallinum, en á brúnum hans voru járnvinklar, sem þó stóðu mjög lítið upp fyrir yfirborð pallsins. Ökumanni bifreiðarinnar, Gunnari Aðalsteinssyni, er sat inni í henni meðan hleðslan fór fram, var kunnugt um öll framangreind atriði, en kveðst hafa álitnið, að snjórinn myndi pressast það undir skrúfunni, að hún myndi „bíta“ sig í pallinn, enda hafi það ekki verið vanalegt að binda skrúfurnar niður í svo stuttum flutningum. Er lokið var að setja skrúfuna á pallinn, settist Ingimar inn í bifreiðina, en Skarphéðinn tók sér stöðu á palli hennar, enda áttu þeir að aðstoða við afferminguna. Var nú lagt af stað og ekið sem leið lá eftir Vesturgötu, en síðan sveigt norður Ægisdötu, er hallar í þá átt niður að höfninni. Bifreiðin var með snjókeðjur á ytri afturhjólum, enda var snjór yfir og hált færi. Kveðst bifreiðarstjórinn hafa ekið hægt á öðru hraðastigi í umrætt sinn. Er hann hafi verið kominn langleiðina að Nýlendugötu, hafi hann heyrt Skarphéðinn banka í stýrishúsið. Kveðst hann þá hafa litnið aftur og séð, að skrúfan var farin að renna til á pallinum. Um leið og Skarphéðinn bankaði í húsið, kveðst bifreiðarstjórinn hafa stigið létt á hemlana og með því dregið úr ferð bifreiðarinnar, en við það muni rennsli skrúfunnar eitthvað hafa aukizt. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa verið farinn að beita hemlunum, áður en Skarphéðinn bankaði, heldur látið vél bifreiðarinnar hindra aukna ferð hennar. Í þann mund, er atburðir þessir gerðust, virtist honum Skarphéðinn stökkva út af vinstri hlið bifreiðarinnar og kveðst hafa séð til hliðar, en bifreið þessi var með vinstri handar stýri, hvar Skarphéðinn

datt á grúfu í götuna. Þá kveðst hann og hafa séð skrúfuna renna á hús bifreiðarinnar og snúast síðan út af vinstri hlið pallsins og virtist honum hún sporðreisast um leið, en telur sig þó hafa litið af skrúfunni sem snöggvast.

Er skrúfan féll, stöðvaði hann alveg bifreiðina og fór út úr henni. Sá hann þá Skarphéðinn liggja á grúfu á götunni, móts við hús bílsins, og vissi höfuðið fram með bílnum og var nær honum en fæturnir, er sneri aftur með bílnum. Skrúfan lá þá á milli bifreiðarinnar og Skarphéðins, og var eitt blað hennar að nokkru leyti yfir honum, en Skarphéðinn var þó ekki fastur undir því. Hann var þá meðvitundarlaus og virtist ökumanninum eitt blaðið hafa lent á baki hans, er skrúfan féll af pallinum.

Ingimar M. Björnsson, er sat hægra megin í bifreiðinni í umrætt sinn, hefur skýrt efnislega frá á sama veg og bifreiðastjórinn hér að framan, sem hann telur hafa ekið gætilega og óaðfinnanlega, miðað við aðstæður. Hann segir það hafa verið venju, að skrúfur voru fluttar á þann hátt, er lýst hefur verið hér að framan, en þó hafi það komið fyrir einstöku sinnum, að klossum væri slegið undir skrúfublöðin. Hann kvaðst hafa heyrt Skarphéðinn banka í húsið, en hvorki séð hann né skrúfuna falla af pallinum.

Hjörtur Kristjánsson, verkstjóri í Vélsmiðjunni Héðni, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki verið við morguninn, sem slysið varð. Flutningur skrúfunnar hafi verið ákveðinn kvöldið áður, og hafi þeim Ingimar og Skarphéðni verið falið að annast hann, enda hafi þeir verið mjög vanir slíkum flutningum, sérstaklega Ingimar, enda hafi alltaf verið leitað til hans um þau verk, og kvaðst Hjörtur því engar áhyggjur hafa haft um framkvæmd verksins. Það hafi verið algengt að flytja skipsskrúfur á bifreið þeirri, er hér um ræðir, enda bifreiðarstjórinn slíku vanur, og aldrei kvaðst Hjörtur hafa rekið sig á ógætni hjá honum. Hafi skjólborð aldrei verið notuð á bílum þeim, er notaðir voru við flutningana, né skrúfurnar bundnar niður á pallinn, þar sem þær hafi virzt vel stöðugar án þess. Hins vegar hafi tréklossar stundum verið settir undir enda skrúfublaðanna til að fyrirbyggja, að þær yltu, en slíkt hafi verið mjög sjaldgæft, og þá helzt, ef götur væru slæmar.

Eini sjónarvotturinn að slysi þessu mun hafa verið Össur Aðalsteinsson. Hann kveðst hafa verið á gangi eftir Nýlendugötu á leið að Ægisgötu 10, er hann hafi séð vörubifreið ekið gætilega á hægri ferð niður Ægisgötu og sýndist honum maður vera að

detta út af bílnum vinstra megin. Virtist honum maður þessi ætla að grípa í hlífðargrind fremst á palli blfreidarinnar, en ná eigi taki á henni og falla út af pallinum fram með bílnum. Á sama andartaki veitti hann því athygli, að framangreind skips-skrúfa rann til á pallinum, rakst á hlífðargrindina og snerist út af pallinum vinstra megin. Sá hann nú manninn, sem datt af pallinum, koma fyrir sig öðrum fætinum, en steypast síðan fram yfir sig á grúfu. Hann hafi þó varla verið dottinn, er eitt skrufublaðið lenti á baki honum um herðablöðin eða eitthvað neðar. Jafnframt virtist honum blað skrúfunnar koma í götuna að nokkru við hlið mannsins, fjær bifreiðinni, en kveðst þó ekki hafa gert sér nægilega grein fyrir því. Síðan hafi skrúfan lagzt þannig, að hún lá milli bílsins og hins slasaða, og hafi eitt blað hennar verið yfir honum að nokkru, en þó það hátt frá jörðu, að hann hafi legið laus undir því.

Össur hringdi síðan á sjúkrabifreið og lögreglustöðina. Var Skarphéðinn fluttur á Slysavarðstofuna, en var látinn, er þang-að kom.

Lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið og athuguðu stað-hætti. Kveða þeir hringmyndað far hafa verið í snjófölinni, þar sem skrúfan hafði legið á pallinum, og virtist þeim skrúfan hafa fryst snjóinn undir sér, þar eð klaki var í farinu. Hafi skrúfan runnið á ská fram pallinn og fallið út af honum vinstra megin, en á þeim stað voru spor í snjónum, er gáfu til kynna, hvar Skarphéðinn stóð á pallinum fyrir slysið.

Starfsmaður tæknideildar rannsóknarlögreglunnar kom einnig á vettvang, tók ljósmyndir og mældi upp afstöðuna á slysstað. Hafa gögn þessi verið lögð fram í málinu, og má sjá af ljós-myndum, hvar skrúfan lá á pallinum og hvernig hún rann út af honum, svo og fótspor Skarphéðins.

Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðina eftir slysið og reynd-ist þeim hún vera í lagi við þá skoðun. Ekki sáu þeir nein hemla-för eftir bifreiðina á slysstaðnum, en hún hafði ekkert verið hreyfð, er þeir komu á vettvang.

Stefnandi reisir stefnukröfu sína á því, að óforsvaranlega hafi verið gengið frá skrúfunni á pallinum, með því að láta hana liggja óbundna og algerlega óskorðaða á snævidrifnum pallinum, er hafi verið án skjólborðs og kantlista, meðan á flutn-ingunum stóð. Hljóti Vélsmiðjan Héðinn h/f því að bera fébóta-ábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut, bæði samkvæmt regl-um bifreiðalaga, svo og samkvæmt reglum þeim, er gilda um

ábyrgð vinnuveitenda á verkum starfsmanna sinna, enda hafi Skarphéðinn heitinn ekki, eins og á stóð, haft aðstöðu til að forðast slysið eða koma í veg fyrir það.

Í annan stað byggir stefnandi dómkröfur sínar á hendur stefnda á því, að hér hafi verið um hættulegt verk að ræða, og beri stefndi því fábótaábyrgð á slysinu samkvæmt þeim bóta-reglum, er gilda um hættulega starfsemi á vettvangi skaðabótaréttarins.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að menn þeir, er unnu að flutningi skrúfunnar, hafi verið þaulvanir slíkum störfum og auk þess hafi Skarphéðinn heitinn verið vélstjóri og járnsmiður að menntun, enda fær stefndi ekki annað séð, en gengið hafi verið forsvaranlega frá skrúfunni á pallinum, þótt hún hafi að vísu verið óbundin og skorðuð, en slíks hefði eigi átt að vera þörf, þar sem ekið hafi verið gætilega með skrúfuna og hún 2100 kg a þyngd. Virðist stefnda því ekki unnt að sjá, að um sök hafi verið að ræða hjá starfsmönnum Héðins h/f við umbúnað skrúfunnar á pallinum, heldur hafi slys þetta orðið fyrir óhappatilviljun og að nokkru vegna óaðgætni Skarphéðins heitins sjálfs, með því að standa vinstra megin við skrúfuna í rennslistefnu hennar, í stað þess að forða sér yfir á hægri helming pallsins, er skrúfan tók að renna, enda verði að ætla, að hún hafi hreyft mjög hægt fyrst í stað.

Þá mótmælir stefndi því, að hér hafi verið um bifreiðaslys að ræða, þegar til þess sé litið, að Skarphéðinn heitinn hafi verið starfsmaður við flutninginn. Ennfremur hefur stefndi andmælt því, að fábótaábyrgð verði byggð á því, að hér hafi verið um hættulegt starf að ræða í merkingu skaðabótaréttarins.

Verði allt að einu litið svo á, að eigi hafi verið nægilega tryggilega búið um skrúfuna, þá hljóti Skarphéðinn heitinn að eiga nokkra sök á því sjálfur, hvernig fór, og beri því að skipta fábótaábyrgð á tjóni þessu.

Fallast má á það með stefnda, að hér hafi ekki verið um að ræða hættulega starfsemi í merkingu skaðabótaréttar.

Aftur á móti verður að telja, að hér hafi verið um bifreiðaslys að ræða, sbr. 67. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 26/1958, þar eð Skarphéðinn heitinn var í þjónustu hins stefnda, er slysið vildi til, og þykir 2. mgr. 67. gr. nefndra laga því ekki eiga við í þessu tilfelli.

Þá er og ljóst, að umbúnaði skrúfunnar á pallinum var stórlega áfátt við þær aðstæður, er fyrir hendi voru í umrætt sinn.

Verður því eigi hjá því komizt að leggja nokkra sök á Skarphéðinn heitinn vegna slyssins og lækka fébæturnar í samræmi við það, sbr. 3. mgr. 67. gr. ofan nefndra laga, þar sem hann var einn þeirra manna, er falið hafði verið að annast verk þetta, enda slíkum verkum vanur og þar því skylda til að sjá um, að tryggilega væri um skráfuna búið.

En þar sem Skarphéðinn heitinn var ekki verkstjóri hjá stefnda og hinn reglulegi verkstjóri stefnda hafði látið það óátalið, að skráfur væru fluttar á þann hátt, er gert var í umrætt sinn, þykir stefndi verða að bera meginfébótaábyrgð á slysi þessu.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjónið að  $\frac{3}{5}$  hlutum, en stefnandi beri sjálf  $\frac{2}{5}$  hluta tjónsins.

Við munnlegan flutning málsins var dómkrafan sundurliðuð þannig:

A. Kröfur dánarbúsins:

- |                                                |              |
|------------------------------------------------|--------------|
| 1. Útfararkostnaður .....                      | kr. 6.385.24 |
| 2. Áætlaður kostnaður við að ganga frá leiði — | 4.000.00     |

---

Kr. 10.385.24

B. Krafa Rósu Einarsdóttur:

- |                                        |                |
|----------------------------------------|----------------|
| 1. Bætur fyrir missi framfæranda ..... | kr. 653.623.00 |
| Frá því dregst:                        |                |

- |                               |               |
|-------------------------------|---------------|
| Kapítalverðmæti ekkjulífeyris | kr. 14.528.00 |
| og eingreiðsla frá Trygginga- |               |
| stofnun ríkisins .....        | — 20.902.45   |

---

kr. 35.430.45 — 618.192.55

- |                                           |              |
|-------------------------------------------|--------------|
| 2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum .. | — 100.000.00 |
| 3. Útreikningur tjóns .....               | — 900.00     |
| 4. Annar útlagður kostnaður .....         | — 500.00     |

---

Samtals kr. 729.977.79

Þessi fjárhæð kemur heim við núverandi dómkröfu í málinu eftir hinn munnlega flutning. Verður nú vikið að hinum einstöku liðum dómkröfunnar:

*Um kröfulið A 1.*



Lagðir hafa verið fram reikningar yfir þennan kröfulið, sbr. dskj. nr. 4—9 incl. Stefndi hefur krafizt þess, að liður þessi verði lækkaður í fyrsta lagi um kr. 40.00, sbr. dskj. nr. 6, sem er reikningur upp á kr. 80.00 frá Kirkjugörðum Reykjavíkur fyrir tvo legstaði. Ber að taka þessa lækkunarkröfu stefnda til greina. Þá hefur stefndi andmælt því, að tekinn verði til greina kostnaður við útvarp á jarðarförinni, er nemur kr. 750.00. Þykir einnig rétt að taka þessa lækkunarkröfu stefnda til greina, þar sem hér er um nokkuð óvanalegan kostnað í sambandi við jarðarfarir að ræða. Þessi liður verður því tekinn til greina með kr. 5.595.24.

*Um kröfulið A 2.*

Eftir munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá þessum kröfulið.

*Um kröfulið B 1.*

Lagðir hafa verið fram útreikningar á áætluðu tjóni ekkjunnar, byggðir á mismunandi grundvelli, gerðir af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 27. júní s.l., hefur hann reiknað tjónið á þrenns konar máta. Í fyrsta lagi á framtöldum tekjum Skarphéðins heitins árin 1956—1958 incl., í öðru lagi á þeim tekjum, er skattyfirvöld áætluðu honum framangreind þrjú ár, og í þriðja lagi á meðalvinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík, miðað við úrtaksrannsókn fyrir árin 1951—1960. Þá hefur einnig verið lagður fram útreikningur, dags. 28. júní s.l., byggður eingöngu á tekjum Skarphéðins heitins árið 1958. Stefnandi hefur krafizt bóta eftir þessum útreikningi, en samkvæmt honum nemur hið áætlaða tjón hennar kr. 653.623.00. Stefndi hefur mótmælt því, að útreikningur þessi verði lagður til grundvallar við ákvörðun bótanna, þar eð Skarphéðinn heitinn hafi haft óeðlilega miklar tekjur þetta ár vegna óvanalega mikillar yfirvinnu. Fallast má á það með stefnda, að ekki sé rétt að ákvarða bætur til ekkjunnar samkvæmt tekjum Skarphéðins heitins þetta eina ár. Hins vegar þykir rétt að miða bæturnar samkvæmt útreikningi þeim, sem byggður er á áætluðum tekjum Skarphéðins heitins árin 1956—7 og raunverulegum tekjum hans árið 1958, enda verður ekki annað séð af gögnum málsins en að hann hafi sætt sig við þá ætlun og greitt skatta sína í samræmi við hana.

Skarphéðinn heitinn er talinn fæddur 1/9 1907 og hefur því

verið 51 árs, er slysið vildi til. Þrjú síðustu árin fyrir slysið voru framtaldar tekjur hans og hinar áætluðu sem hér segir:

| Ár         | Framtalið     | Áætlað         |
|------------|---------------|----------------|
| 1956 ..... | kr. 21.700.00 | kr. 90.000.00  |
| 1957 ..... | — 45.108.81   | — 60.000.00    |
| 1958 ..... | — 112.480.81  | — (112.480.81) |

Framtalinu frá 1958 var ekki breytt.

Síðan umreiknar tryggigafræðingurinn framangreindar tekjur samkvæmt þeim kauplagshækkunum, er orðið hafa eftir þann tíma og til þess, er útreikningurinn gerður (27. júní 1962). Þannig reiknað telst honum hlutur ekkjunnar (helmingur af áætluðum vinnutekjum Skarphéðins heitins) nema sem hér segir:

|                       |                       |
|-----------------------|-----------------------|
| Reiknað með 6% töflum | Reiknað með 7% töflum |
| kr. 535.194.00        | kr. 499.129.00        |

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en þau, er nú hafa verið rakin, eru, að reiknað er með eftirlifendatöflum íslenskra karla og kvenna árin 1941—1950 og enn fremur lífslíkum íslenskra kvenna samkvæmt reynslu sama tímabils.

Stefndi hefur krafizt þess, að fjárhæð þessi verði lækkuð stórlega og færir þær röksemdir fyrir lækkunarkröfu sinni, að bætur þessar séu undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari og sé það verulegt fé, þar eð hjónin hafi enga ómaga haft á sínu framfæri. Þá beri einnig að líta til þess, að við lát Skarphéðins heitins verði að reikna með, að losnað hafi um nokkurn tekjuöflunarmöguleika hjá stefnanda, þannig að hún geti nú aflað sér verulegra tekna, er hún þurfi eigi að hugsa um heimili þeirra, en hún sé kona á bezta aldri, fædd árið 1908.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið og önnur þau atriði höfð í huga, er hér skipta máli, þykja bætur fyrir þennan lið hæfilega ákveðnar kr. 300.000.00 og hafa þá verið dregnar frá bætur Tryggingastofnunar ríkisins.

*Um 2. kröfulið B.*

Til stuðnings þessum kröfulið er bent á, að stefnandi er fædd 31. maí 1908, og sé því komin á þann aldur, að erfitt kunni að reynast fyrir hana að verða sér úti um starf við sitt hæfi.

Stefndi hefur andmælt þessum kröfulið sem allt of háum og lagt það á vald dómarans að meta hann.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 40.000.00.

*Um 3. kröfulið B.*

Lagðir hafa verið fram reikningar yfir þennan kröfulið og hefur hann ekki sætt andmælum. Verður hann því tekinn til greina að fullu.

*Um 4. kröfulið B.*

Í málinu hafa ekki verið lagðir fram reikningar fyrir hærri upphæð en kr. 115.00 af þessum kröfulið, sem eru greiðslur fyrir endurrit af skattaframtölum og lögregluskýrslu. Stefndi hefur mótmælt því, að kröfuliður þessi verði tekinn til greina með hærri upphæð en hinir framlögðu reikningar sýna, og ber að fallast á þau mótmæli stefnda. Verður liður þessi því tekinn til greina með kr. 115.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 207.966.14, þ. e.  $\frac{3}{4}$  af kr. 5.595.24 + 300.000.00 + 40.000.00 + 900.00 + 115.00, með vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 30. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði stefnanda, Rósu Einarsdóttur persónulega og f. h. dánarbús Skarphéðins Jósefssonar, kr. 207.966.14 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á., og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 17.000.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.